



## Starfsstöðvar Búnaðarsambands Suðurlands

### Selfossi

Austurvegi 1, 800 Selfoss

Sími: 480 1800, fax: 480 1818

Veffang: [www.bssl.is](http://www.bssl.is)

Netfang: [bssl@bssl.is](mailto:bssl@bssl.is)

### Kirkjubæjarklaustri

Klausturvegi 2, 880 Kirkjubæjarklaustur

Símar: 480 1819 og 487 4818, fax: 487 4642

Netfang: [klaustur@bssl.is](mailto:klaustur@bssl.is)

### Hvolsvelli

Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur

Sími: 487 1513, fax: 480 1818

Netfang: [petur@bssl.is](mailto:petur@bssl.is)

### Höfn í Hornafirði

Litlubrú 2, Nýheimum, 780 Hornafjörður

Sími: 487 8088, fax: 470 8081

Netfang: [askaft@bondi.is](mailto:askaft@bondi.is)



# Búnaðarsamband Suðurlands

## Búnaðarsamband Suðurlands

er samband búnaðar- og búgreinafélaga á Suðurlandi og var stofnað þann 6. júlí 1908 í Þjórsártúni af búnaðarfélögum á Suðurlandi.

Starfssvæði BSSL nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslur. Auk þess er í gildi samningur um ráðgjafarþjónustu við Búnaðarsamband A-Skaftafellssýslu.



## Búnaðarsamband Suðurlands

Austurvegi 1, 800 Selfoss

Sími 480 1800, fax: 480 1818

Veffang: [www.bssl.is](http://www.bssl.is), netfang: [bssl@bssl.is](mailto:bssl@bssl.is)



BSSL starfar í þágu bænda á starfssvæði sínu og miðar að því að efla framfarir í landbúnaði og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda.

BSSL vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands við að framfylgja gildandi löggjöf varðandi landbúnað hverju sinni. BSSL veitir faglega ráðgjöf í flestu því er að landbúnaði lýtur og sér einnig um bændabókhald og skattframtöl fyrir bændur. BSSL vinnur að faglegum og félagslegum málum bænda, sinnir opinberri stjórnsýslu auk þess að reka kynbótastarfsemi og tilraunabú.

## Búnaðarsamband Suðurlands vinnur meðal annars að:

### Ráðgjöf í búfjárrækt

- Mat á kynbótagripum
- Skýrsluhald
- Ráðgjöf um fódruun, uppeldi og ræktun
- Búfjársýningar

### Jarðrækt

- Ráðgjöf um ræktun túna og akra
- Áburðaráætlanagerð og ráðgjöf
- Mælingar og mat á landi
- Ráðgjöf um landnýtingu og beitarstjórnun

### Bústjórn

- Skattaleg ráðgjöf
- Alhliða rekstrarráðgjöf, *Sunna* fyrir kúabændur, *Sómi* fyrir sauðfjárbændur
- Fjárfestinga- og endurfjármögnunaráætlanir
- Mat á rekstrarformi
- Aðstoð við breytingar á eignarhaldi

### Endurmenntun/símenntun

- Námskeið og fræðslufundir
- Fræðsluferðir innanlands sem erlendis



## Búnaðarsambandið á og rekur eftirtalin fyrirtæki:

### Bændabókhald BSSL

Fyrirtækið býður bændum upp á almenna bókhaldsþjónustu auk þess að veita ráðgjöf við notkun á bókhaldsforritinu dkBúbót, sem margir bændur nota.

### Kynbótastöð Suðurlands

Kynbótastöð Suðurlands sér um nautgripasæðingar á Suðurlandi. Starfsemin hófst árið 1958 og var byrjað að sæða með fersku sæði. Árið 1972 var farið að djúpfrysta nautasæði en frá árinu 1978 hefur Nautastöð Bændasamtaka Íslands að Hvanneyri séð um sæðistöku og dreifingu til búnaðarsambandanna.

Frá árinu 2007 hefur Kynbótastöðin einnig boðið upp á klaufsnyrtingu fyrir nautgripi.

### Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands var stofnuð 1968 af fjárræktarfélagunum á svæðinu. Stöðin sér um að senda ferskt og fryst hrútasæði um land allt.

Fyrsta haustið voru 2.790 ær sæddar með fersku hrútasæði frá stöðinni. Nú eru þær um 15 þúsund á ári. Haustið 1998 var djúpfryst hrútasæði í fyrsta sinn sent til Bandaríkjanna til áhugasamra ræktenda íslensks sauðfjár.

Genabanki er starfræktur á stöðinni þar sem 5-10 skammtar úr hverjum hrút eru djúpfrystir og geymdir.

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands gefur árlega út hrútaskrá í samstarfi við Sauðfjársæðingastöð Vesturlands.

### Tilraunabúið Stóra-Ármóti

Árið 1979 gáfu systkinin Ingileif, Jón og Sigríður Árnabörn Búnaðarsambandi Suðurlands jörðina Stóra-Ármót í Flóahreppi til tilraunastarfsemi.

Rannsóknastarfið á Stóra-Ármóti er samstarfsverkefni Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þunginn í starfinu hefur legið í rannsóknum á fódruun, afurðum og heilsufari mjólkurkúa, en einnig hefur verið unnið að rannsóknum í jarðrækt og sauðfjárrækt.

Mjólkurkvóti búsin er tæpir 270 þúsund lítrar og mjólkurkýrnar um 50. Um 70 vetrarfóðraðar ær eru á búinu.

